

Samgöngustefna SORPU

Stefna SORPU er að vera til fyrirmyndar í samgöngumálum og stuðla að aukinni notkun vistvænna ferðamáta á meðal starfsmanna og helstu birgja fyrirtækisins. Fyrirtækið leggur áherslu á vistvæna ferðamáta þar sem þeir leiða til heilsusamlegri lífsstíls og minni kostnaðar hjá starfsmönnum og um leið er umhverfinu sýnd meiri virðing með minni mengun.

Með vistvænum ferðamáta er átt við alla aðra ferðamáta en að ferðast einn í ökutæki sem nýtir jarðaefnaeldsneyti, s.s. að ganga, hjóla, ferðast með strætisvögnum, nota vistvæna orkugjafa eða sameinast um ökutæki. Samgöngustefnan tekur mið af Umhverfis- og gæðastefnu SORPU og styðja þessar stefnur hvor aðra.

Til að fylgja stefnunni eftir leggja stjórnendur áherslu á eftirtalin atriði:

Að stuðla að aukinni notkun vistvænna samgöngumáta, s.s.

- ✓ Að ökutæki í eigu SORPU nýti metan sem orkugjafa sé þess kostur. Noti þau ekki metan skal miða við að ökutækið uppfylli nýjasta EURO staðalinn hverju sinni.
- ✓ Allir starfsmenn SORPU eiga kost á að gera samgöngusamning við SORPU sem felur í sér mánaðarlegan styrk.
- ✓ Að tryggja aðstöðu á vinnustað fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur. Sérstaklega skal huga að aðstöðu til geymslu reiðhjóla og sturtu/búningaaðstöðu fyrir starfsmenn, þar sem því verður við komið með skynsömum og hagkvæmum hætti.
- ✓ SORPA tryggi að ofangreind sjónarmið komi fram í útboðum og samningum við verktaka og þjónustuaðila.

Að efla vitund starfsmanna um vistvænar samgöngur, notkun þeirra og kosti, s.s.

- ✓ Að fræða starfsfólk um vistvænar samgöngur og hvetja til notkunar þeirra með markvissum hætti.
- ✓ Að hvetja starfsmenn sem þurfa að sækja fundi o.þ.h. utan vinnustaðar til að nota almenningssamgöngur, sameinast um ökutæki eða nýta ökutæki bílabanka ef þess er nokkur kostur. Ef nota þarf leigubíl/bílaleigubíl skal óska eftir metanbíl.

Stjórnendur standa vörð um samgöngustefnuna, sjá til þess að verkefnið sé lifandi og fylgjast með árangri. Reglulega fer fram ferðavenjukönnun meðal allra starfsmanna og eru niðurstöður kynntar innan fyrirtækisins.

Allir starfsmenn SORPU skulu kynna sér stefnuna og hafa hana að leiðarljósi við störf sín.